

Umhverfismat

Gátlisti fyrir framhalds- og háskóla


Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað hnattrænt réttlæti í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að nemendur vinni sem mest sjálfstætt. Nemendur geta fundið svör við sumum spurningunum sjálfir en stundum þarf aðstoð frá kennurum eða öðru starfsfólki.

Einnig eru spurningar þar sem nemendur þurfa að afla sér upplýsinga eða gera litla rannsókn til að mæla ákveðna þætti yfir einhvern tíma.

Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Dagsetning: _____

Undirskriftir þátttakenda:

Hnattrænt réttlæti



Hugur þekking

	já	nei	athugasemdir
Vita nemendur hvað hnattrænt réttlæti þýðir?			
Læra nemendur um stöðu á hnattrænu réttlæti víðs vegar um heiminn?			
Læra nemendur um hvernig framleiðsla, neysla og viðskiptahættir okkar hafa áhrif út fyrir Ísland? Ef já, merkið við með hvaða hætti það er gert:			
<ul style="list-style-type: none">• Fræðsla um vistspor			
<ul style="list-style-type: none">• Fræðsla um kolefnisspor			
<ul style="list-style-type: none">• Fræðsla um framleiðsluhætti vara, þ.e. aldur, laun og vinnuaðstöðu þeirra sem framleiddu vöruna			
<ul style="list-style-type: none">• Fræðsla um hnattvæðingu, viðskiptahætti og áhrif þeirrar víðs vegar um heiminn			
Vinna nemendur verkefni sem tengjast neyslu og áhrifum þeirra út fyrir Ísland?			
Ef já, er reynt í slíkum verkefnum að hvetja til ábyrgari neyslu með markvissum hætti?			
Læra nemendur um loftslagsréttlæti í skólanum?			




Hjarta skólinn og samfélagið

	já	nei	athugasemdir
Hefur hnattrænt réttlæti verið fléttað inn í einhver málefni kennslunnar? Ef já, í hvaða áfanga/málefni?			
Er unnið með hugtökin jafnrétti og réttlæti í sinni víðustu mynd, þ.e. milli heimshluta, kynslóða, þjóðfélagshópa o.fl.?			
Eru notaðar fjölbreyttar og skapandi kennsluaðferðir til að fjalla um hnattrænt réttlæti?			
Er fjallað um fjölbreytni fólks í heiminum t.d. varðandi trú, skoðanir o.fl.?			
Er skólinn í sambandi við samtök sem sinna málefnum fólks annars staðar í heiminum, s.s. Rauða krossinn, UNICEF, SOS eða annað?			
Er skólinn, eða nemendahópar innan skólans, í samskiptum við nemendur annars staðar í heiminum?			
Vitið þið frá hvaða þjóðum nemendur skólans eru?			
Er tekið tillit til mismunandi menningarheima nemenda á einhvern hátt t.d. með kynningum, tungumálanámi o.fl.			
Eru nemendur meðvitaðir um ástæður og orsakir fyrir hnattrænu óréttlæti?			
Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við hnattrænt réttlæti? Ef já: hvernig er unnið með heimsmarkmiðin innan skólans, t.d. þemaverkefni, áskoranir eða annað			



Hendur aðgerðir

	já	nei	athugasemdir
Kemur fram í stefnu skólans að efla eigi hnattræna vitund nemenda og starfsfólks?			
Er kenndar leiðir til að stuðla að hnattrænu réttlæti?			
Eru aðgerðir eða verkefni innan skólans sem miða að því að bæta kjör fólks annars staðar í heiminum?			
Hafa nemendur beitt sér með einhverjum hætti í réttindamálum fólks, hér á landi eða annars staðar, sem býr við ójafnrétti?			
Reynir skólinn eftir fremsta megni að kaupa vörur sem eru merktar sanngjörnum viðskiptum (fair trade)? 			
Hafa nemendur upplýst og frætt aðra um hnattrænt réttlæti?			
Hafa nemendur haft áhrif á aðra, t.d. með því að senda bréf til fyrirtækja, funda með sveitarstjórn, gera athugasemdir við einhver áform, skrifa greinar, vera með viðburð o.fl.?			
Er verið að skoða hvernig þátttaka í Grænfánaverkefninu getur haft áhrif á hnattrænt réttlæti og er allur skólinn meðvitaður um það?			

Til umræðu:

·Skoðið dreifingu á peningum, eignum og möguleikum til góðs lífs milli mismunandi fólks hér innanlands og milli ýmsa landa og ræðið um hugtakið réttlæti í þessu sambandi.

·Vissuð þið að þau ríkustu 10% í heiminum eiga milli 60–80% af öllum auð á meðan fátækustu 50% eiga minna en 5% af því?

·Aflið ykkur upplýsinga um fátækt í heiminum, eins og börn sem deyja úr hungri, konur sem deyja við barnsburð, fjölda barna sem geta ekki gengið í skóla heldur þurfa að vinna langa vinnudaga, fólk sem er á flóttu vegna stríðsátaka, mannréttindabrota eða áhrifa loftslagshamfara o.fl.

·Skoðið daglega lífið og lífsbaráttu fólks sem býr við fátækt í mismunandi löndum.

·Berið saman vist- og/eða kolefnisspor íbúa í mismunandi löndum og ræðið um tengingu við neyslu og lífsstíl.

·Ræðið um nægjusemi – hvað er það og hvað hefur það með hnattrænt réttlæti að gera?

·Hvað þýðir arðrán og hvað hefur það með hnattrænt réttlæti að gera?

·Hvað er hnattvæðing og hvaða áhrif hefur það á réttlæti? Væri hægt að stýra hnattvæðingunni í átt að meira réttlæti?

·Skoðið framleiðsluferli á ákveðnum innfluttum vörum eins og raftækjum, fötum eða mat og ræðið hvort hnattrænt réttlæti hefur verið haft að leiðarljósi við framleiðsluna?

·Er úrgangur frá vestrænum löndum fluttur til fátækra landa? Af hverju? Hver eru áhrifin?

·Aflið ykkur upplýsinga um loftslagsréttlæti og ræðið umfang óréttlætis og möguleika til úrbóta.

·Getum við gert eitthvað hér á Íslandi til að bæta aðstæður fátækra og ekki síst barna, bæði á Íslandi og annars staðar í heiminum?

Takið ykkur smá tíma í að hugleiða hvað er það mikilvægasta í ykkar lífi. Ræðið það svo við samnemendur ykkar.

Markmið og aðgerðir innan þemans hnattrænt réttlæti

